

## Konur 35% viðmælenda á ljósvakamiðlum

*Konum fjölgar um 2 prósentustig meðal viðmælenda innlendra ljósvakamiðla milli ára*

Tímabil	Karlar	Konur
1.9.2013 til 31.8.2014	70%	30%
1.9.2014 til 31.8.2015	70%	30%
1.9.2015 til 31.8.2016	67%	33%
1.9.2016 til 31.8.2017	65%	35%
<b>Meðaltal</b>	<b>68%</b>	<b>32%</b>

Kvenviðmælendum í ljósvakamiðlum hefur fjölgað um tvö prósentustig milli ára – Konur eru nú 35 af hverjum 100 viðmælendum. Það sýna mælingar Creditinfo á stöðu kynjanna í ljósvakamiðlum. Konum í ljósvakamiðlum hefur fjölgað um fimm prósentustig á síðustu fjórum árum.

„Það er einkar ánægjulegt að sjá aukningu í hlutdeild kvenna í fjölmiðlum, annað árið í röð. Þótt enn sé nokkuð í land, skiptir miklu máli að íslenskir fjölmiðlar eru að taka skref í rétta átt,“ segir **Rakel Sveinsdóttir**, formaður Félags kvenna í atvinnulífinu FKA.

Færrir konur birtast sem viðmælendur í fréttum en í þáttum og er hlutfall þeirra 33%, sem er þó prósentustigi betra en árið á undan. Hlutfallið er 62% körlum í vil í þáttum innlendra ljósvakamiðla. Þar sækja konur þó í sig veðrið og eru tveimur prósentustigum fleiri nú en árið á undan. Ekki er marktækur munur á milli útvarps- og sjónvarpsfrétta.

Niðurstöðurnar voru kynntar í húsakynnum Blaðamannafélagsins nú í morgun. Þar kom einnig fram að fréttatímar RÚV standa sig betur en fréttatímar 365. Konur eru 37% viðmælenda þar á móti 63% karla. Þær eru fimm prósentustigum færri hjá 365, eða 32% á móti 68%.

Þátturinn Samfélagið á Rás 1 stendur sig best. Þar eru konur 51% viðmælenda en karlar 49%. Reykjavík Síðdegis stendur sig verst, með hlutfallið 24% konur á móti 76% karla – og dalar hlutfall kvenna milli ára.

Áhugavert er að sjá dreifingu viðmælenda en 3% þeirra komu 15 sinnum eða oftar fyrir í ljósvakamiðlum á tímabilinu 1. september 2016- 31. ágúst 2017. Þar af voru 99 karlar og 52 konur. Sjö konur eru á topp tuttugu vinsælustu viðmælenda. Allar eru þær í stjórnámálum; Katrín Jakobsdóttir þar efst, svo Lilja Dögg Alfreðsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björt Ólafsdóttir, Oddný G. Harðardóttir og Sigríður Á. Andersen.

Íslenskar konur draga upp meðaltalið á heimsvísu sem mældist 24% árið 2015, samkvæmt Global Media Monitoring Project – það sama og var fimm árum áður.

„Fjölmiðlarnir okkar standa sig vel miðað við þá erlendu. FKA fagnar þessu og hvetur þá til að halda áfram þar til kynjaskiptingin verður jöfn. Þannig endurspeglum við best það samfélag sem við búum í,“ segir RakeL.

„Sömuleiðis hvetjum við konur til að stíga fram, ekki aðeins þegar til þeirra er leitað heldur einnig að sýna frumkvæði þegar það á við og hafa sjálfar samband við fjölmiðla.“

Creditinfo hefur mælt fréttá- og fjölmiðlaumfjöllun frá árinu 2005. Mæling á hlutföllum kynjanna í ljósvakamiðlum nær til Rás 1, Rás 2, Bylgjunnar, Sjónvarpsins og Stöð 2 á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017. Horft er til allra viðmælenda fréttá í ljósvakamiðlum. Auk fréttá eru helstu þættir mældir.

